

# Starfsreglur valnefndar Bankasýslu ríkisins

## 1. gr.

### Valnefnd

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir einstaklinga fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd þess í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar.

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar einn þriggja nefndarmanna sem formann valnefndarinnar.

Valnefndarmenn skulu vera óháðir viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Jafnframt skulu þeir vera óháðir þeim sem fara með yfirlit yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi. Um óháði valnefndarmanna fer samkvæmt 2. gr. starfsreglna.

Stjórn Bankasýslu ríkisins ákveður skipunartíma hvers og eins nefndarmanns. Skipta skal árlega um a.m.k. einn nefndarmann.

Nú forfallast valnefndarmaður að fullu og öllu og skal þá stjórn Bankasýslu ríkisins tilnefna nýjan nefndarmann eins fljótt og auðið er. Valnefndin hefur starfsaðstöðu hjá Bankasýslu ríkisins og skulu öll gögn nefndarinnar geymd þar.

Valnefndin hittist eins oft og þurfa þykir. Hún skal halda fundargerðir þar sem gerð er grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar.

## 2. gr.

### Óháði

Einstaklingar teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá þeim sem fara með yfirlit yfir öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum á Íslandi, eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi eða dótturfélögum þeirra, eru ekki makar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra nokkurra framangreindra aðila eða skyldir þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einstaklingur telst ekki óháður ef hann sinnir reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafastörfum fyrir framangreinda aðila eða hefur meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá.

## 3. gr.

### Vinnulag valnefndar

Valnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

Einstaklingar sem telja sig uppfylla skilyrði 4. gr. þessara starfsreglna geta gefið kost á sér með því að senda valnefndinni ferliskrár sínar.

Valnefndin getur einnig leitað eftir einstaklingum að eigin frumkvæði.

Nöfn þeirra sem nefndin leitar til eða sent hafa inn upplýsingar um sig verða vistuð hjá valnefndinni. Að uppfylltum hæfisskilyrðum koma þessir einstaklingar til greina sem stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar á þarf að halda.

Einstaklingur sem gefið hefur kost á sér til setu í stjórn fjármálafyrirtækis fyrir hönd ríkisins getur hvenær sem er farið þess á leit við valnefndina að upplýsingum um hann hjá nefndinni verði eytt.

Stjórn Bankasýslu ríkisins óskar formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnar- og bankaráðsmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi bankaráðum eða stjórnnum. Valnefndin skal í hvert sinn tilnefna til Bankasýslu ríkisins tvo til þrjá einstaklinga fyrir hvert sæti sem losnar í stjórnnum eða bankaráðum.

#### 4. gr.

##### Hæfni- og hæfiskröfur stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum

Við ákvörðun um tilnefningu á stjórnarmanni skal valnefndin við mat sitt á hæfni einstaklinga taka mið af yfirsýn, þekkingu og reynslu viðkomandi í tengslum við fyrirtækjarekstur og starfshætti fjármálafyrirtækja. Nefndin skal huga að þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig og tilnefna stjórnarmenn sem hafa fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar menntun og hæfni.

Valnefndin þarf í tilnefningum sínum að huga að samsetningu stjórna fjármálafyrirtækja sem og hæfni þeirra stjórnarmanna sem fyrir eru. Þannig verði gætt að heildaryfirbragði og reynt að tryggja að stjórnir fjármálafyrirtækja verði ekki of einsleitar. Valnefndinni ber að gæta þess í tilnefningum sínum að ekki séu valdir einstaklingar þar sem möguleiki sé á hagsmunaárekstrum við önnur störf þeirra. Þá ber valnefndinni í tilnefningum sínum að gæta að öðrum mögulegum hagsmunaárekstrum, t.d. vegna fjárhags- og/eða skyldleikatengsla. Sé um slíka hagsmunaárekstra að ræða kemur viðkomandi ekki til greina sem stjórnarmaður.

Einstaklingur sem valnefndin tilnefnir sem stjórnarmann í tilteknu fjármálafyrirtæki skal uppfylla hæfisskilyrði ákvæðis 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá skal valnefnd hafa til hliðsjónar sjónarmið sem koma fram í ákvæði 29. gr. a. sömu laga. Í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki eru hlutafélög skulu einstaklingar tilnefndir af valnefnd uppfylla hæfisskilyrði sem tilgreind eru í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Einnig verða einstaklingar sem valnefndin tilnefnir að uppfylla skilyrði um óhæði eins og það er skilgreint í 2. gr. starfsreglna þessara.

Valnefnd ber einnig við mat á hæfi stjórnarmanna að taka mið af ákvæðum sáttar Bankasýslu ríkisins við Samkeppniseftirlitið, dagsett 11. mars 2016, um samkeppnislegt sjálfstæði viðskiptabanka sem ríkið á eignarhlut í.

## **5. gr.**

### **Jafnréttissjónarmið**

Valnefndin skal leitast við að tryggja að í bankaráðum og stjórnnum fyrirtækja sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

## **6.gr.**

### **Þagmælska og yfirlýsingar**

Nefndarmönnum í valnefndinni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu í nefndinni. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í valnefndinni. Skulu nefndarmenn undirrita yfirlýsingu þar að lútandi sem varðveitt er hjá Bankasýslu ríkisins.

Valnefndarmenn skulu einnig undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér sátt Bankasýslu ríkisins og Samkeppniseftirlitsins, dagsetta 11. mars 2016, og muni í störfum sínum fylgja ákvæðum hennar og samkeppnislaga og grípi ekki til aðgerða sem geta raskað samkeppnislegu sjálfstæði hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja.

## **7. gr.**

### **Önnur atriði**

Starfsreglur þessar eru settar af stjórn Bankasýslu ríkisins og skulu birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.